

**21. fundur Stýrihóps Heilsueflandi samfélags
haldinn í Ráðhúsi Fjallabyggðar, Gránugötu 24, Siglufirði
fimmtudaginn 10. febrúar 2022 og hófst hann kl. 15:00.**

Fundinn sátu:

Guðrún Helga Kjartansdóttir, fulltrúi heilsugæslu,
Þórarinn Hannesson, fulltrúi UÍF,
Ríkey Sigurbjörnsdóttir, deildarstjóri fræðslu- frístunda- og menningarmála,
Sigurður Egill Rögnvaldsson var fjarverandi en í hans stað sat Björn
Kjartansson, varamaður.

Fundargerð ritaði: Ríkey Sigurbjörnsdóttir, deildarstjóri fræðslu-, frístunda-
og menningarmála.

María Bjarney Leifsdóttir boðaði forföll.

Fyrir var tekið:

1. Norræna lýðheilsuráðstefnan í Reykjavík 2022 - 2201043

Niðurstaða

*Þrettánda Norræna lýðheilsuráðstefnan verður haldin á Íslandi í lok júnímánaðar
2022. Ráðstefnan verður haldin í Hörpu. Yfirskrift ráðstefnunnar að þessu sinni er
"Heilsa og vellíðan fyrir alla - horft til framtíðar".*

*Þrjár höfuðáherslur ráðstefnunnar verða á: Áhrifaþætti heilsu og vellíðunar,
stefnumótun lýðheilsu og gagnadrifið lýðheilsustarf. Þá verður einnig fjallað um
heimsfaraldurinn COVID-19 og hvernig lýðheilsustarf hefur skipt sköpum í
viðbrögðum og fyrirbyggjandi vinnu til að takast á við afleiðingar hans. Skráning
er hafin.*

2. Lífshlaupið 2022 - 2201047

Niðurstaða

*Lífshlaupið hófst 2. febrúar síðastliðinn. Nokkrir vinnustaðir í Fjallabyggð taka þátt
og staðnemar MTR. Ekki er of seint að skrá sig og vill stýrihópurinn hvetja íbúa til
að taka þátt í hreyfiátakinu. Stýrihópurinn lýsir yfir ánægju sinni með mokstur
gangstétta í Fjallabyggð sem auðveldar íbúum mjög að fara gangandi um.*

**3. Skíðagöngunámskeið í boði Fjallabyggðar og skíðafélaga í Fjallabyggð -
2202022**

Niðurstaða

*Stýrihópur um heilsueflandi samfélag, Skíðafélag Ólafsfjarðar og Skíðafélag
Siglufjarðar Skíðaborg buðu íbúum upp á skíðagöngunámskeið í báðum
byggðarkjörnum. Báðum námskeiðunum er nú lokið og var þátttakan mjög góð.
Um 60 manns tóku þátt í námskeiðunum. Námskeiðin tókust mjög vel og ekki
hægt að heyra annað en að almenn ánægja ríki meðal þátttakenda. Stýrihópurinn
vill færa skíðafélögunum sínar bestu þakkir fyrir samstarfið og vonar að
þátttakendur haldi áfram að iðka skíðagöngu með félögunum.*

4. Heilsueflandi samfélag - staðan og næstu skref - 1804004

Niðurstaða

Skíðagöngunámskeiðum í boði Stýrihóps um heilsueflandi samfélag og skíðafélaga í Fjallabyggð er nú lokið. Námskeiðin tókust vel og voru mjög vel sótt. Stýrihópurinn skoðar næstu skref og möguleika á að bjóða upp á fyrirlestur fyrir íbúa um andlega heilsu eða heilsueflingu. Þá skoðar stýrihópurinn útfærslu á hvatningu til íbúa um heilsu og hreyfingu, t.d. með auglýsingum og veggspjöldum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:50.

Guðrún Helga Kjartansdóttir

Þórarinn Hannesson

Ríkey Sigurbjörnsdóttir

Björn Kjartansson